

FUNDARGERÐ

400. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 5. desember 2017 kl. 9.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Guðrún Árnadóttir, Hrafn Magnússon, Reynir Vilhjálmsson, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Anna Þrúður Þorkelsdóttir, Sjöfn Ingólfssdóttir og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi Erna Indriðadóttir

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

1. Ný ríkisstjórn

Lauslega farið yfir hvað stendur í SÁTTMÁLA núverandi stjórnarflokka og hvað stendur út af af málefnum er helst snerta eldri borgara. Ekkert kemur fram um hækkun lífeyris og um hugsanlega hækkun frítækjumarka er eingöngu rætt um atvinnutekjur. Framfærsluviðmið rædd. Rætt um fund með þremur ráðherrum nýrrar ríkisstjórnar; ráðherrum velferðar, félagsmála og fjármála.

2. Greinargerð Hauks Arnþórssonar næstu skref

Samtöl við þingmenn og ráðherra verða byggð á skýrslunni.

3. Fundur formanns og framkvæmdastjóra með borgarstjóra

Hittum borgarstjóra vegna þeirrar vinnu sem nú er í gangi við Stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara 2018-2022 og er í lokavinnslu. Rætt við borgarstjóra um áherslur FEB sérstaklega búsetumál og fjölgun úrræða m.a. lóðaframboð til bygginga fyrir aldraða og eins og margoft hefur komið fram í máli borgarstjóra að horft verði til félaga eins og FEB og SA sem ekki byggja með hagnaðarsjónarmið að leiðarljósi. Óskað var eftir að texti líkur þessum yrði í komandi stefnumótunarskjali;

„Reykjavíkurborg stefnir að því að auka framboð lóða sem ætlaðar eru til byggingar íbúðarhúsnæðis á vegum félagasamtaka sem hafa það að markmiði sínu að byggja vandaðar íbúðir fyrir félagsmenn sína án hagnaðarsjónamiða. Félög eins og FEB - Félag eldri borgara í Reykjavík og Samtök aldraða. Sjónarmið þessara félaga fellur vel að stefnu Reykjavíkurborgar.....“

4. Skýrsla Daníels Isebarn

Daníel Isebarn lögmaður skilaði nú í vikunni greinargerð vegna hugsanlegra málaferla. Samþykkt að setjast niður með Daníel og bjóða þar til þeim stjórnamönnum sem áhuga hafa.

5. Hjúkrunarheimili, Hrafnista og staðan

Rætt undir lið 1. Formaður og framkvæmdastjóri funduðu með forstjóra Hrafnistu um stöðu og hugsanlegar leiðir til lausnar í þeim þrengingum sem elstu og oftast veikustu eldri borgarar búa við og samræmingu í tillögum. Mjög góður fundur.

6. Bréf Vildarhúsa

Vildarhús félag tveggja félaga í FEB hafa kynnt formanni hugmyndir sínar um stofnun húsnæðissjálfsseignarstofnunar á vegum FEB og með hugsanlega aðkomu annarra hagsmunaaðila. Sótt yrði um stofnframlag ríkis 18% og sveitarfélags 12%. Vildarhús eru í samstarfi við erlenda framleiðendur húsa/íbúða sem rætt hefur við um aðkomu.

7. Aðventuhátíð FEB

Minum á Aðventugleðina 6. des. kl. 15.30, boðið verður upp á óáfengt jólaglögg, kaffi og góðgæti. Dagskrá; Kór FEB syngur, Einsöngur, hugvekja, upplestur úr jólabókum og fleira. Aðgangseyrir ákveðinn kr. 700.

8. Önnur mál

Framkvæmdastjóri lagði til að aðalfundur FEB 2018 yrði þann 22. feb. kl. 15.30 í Stangarhyl 4. Vegna brottfalls úr stjórn er ljóst að kjósa þarf nýja stjórnarmenn.

Uppfærð rekstraráætlun FEB til nóvember 2017 afhent.

Sent á stjórnina yfirlit yfir húsnæði á vegum FEB – benda má að upplýsingar um húsnæði á vegum félagsins sem og í byggingu ásamt teikningum, er að finna hér <http://feb.is/ibudir/>

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11.30

Samþykkt;